

Útskriftarverkefnið mitt,  
Alda er tímarit um móðurhlutverkið.  
Rit fullt af frásögnum, viðtölum,  
ljóðum, myndlist, ljósmyndum  
og sögum eftir mæður á okkar eigin  
forsendum. Efni frá okkur um okkar eigin  
reynsluheim.

ALDA



## Byrjunin

Ég varð móðir fyrir einu ári síðan. Á fyrsta skóladeginum á þriðja árinu mínu, haustið 2015 komst ég að því að ég væri ólétt. Ég var ólétt allan veturinn og stefndi eiginlega á að útskrifast, en þegar ég var komin 8 mánuði á leið, mars 2016 áttaði ég mig á að það myndi ekki ganga, svo ég ákvað að geyma það um ár. Þegar ég var að ákveða útskriftarverkefni það árið, var ég mjög meðvituð um að velja ekki eitthvað sem væri tengt meðgöngu- unni, þrátt fyrir að ég hefði þróað með mér mikinn áhuga á öllu sem henni tengdist. Ég gerði ekki annað en að lesa bækur, horfa á heimildarmyndir og hlusta á hlaðvörp tengd meðgöngu og fæðingu. Mér fannst þetta allt alveg ótrúlega heillandi og áhugavert, en ég gat ekki hugsað mér að vinna með neitt tengt því í útskriftarverkefninu því ég var svo meðvituð um að vera ekki tekin nógu alvarlega. Svo ég valdi mér verkefni sem ég svo tengdi ekkert sérstaklega mikið við á þeim tíma. Í apríl 2016 fæddist Vakur, og ég horfði á bekkinn minn útskrifast. Ári síðar, þegar ég er að koma úr fæðingarorlofi og ákveða hvað ég ætti að gera í þetta skiptið, var ég með tvær hugmyndir. Önnur var tímaritaröð með listamönnum og ljóðskáldum, og hin var að vinna með móðurhlutverkið.

Partur af mér var mjög meðvitaður um að ég þyrfti að taka sjálfa mig alvarlegra en það að gera verk um móðurhlutverkið, ég var mjög óörugg með sjálfa mig og fann sterkt fyrir þessum árekstri móðurhlutverksins og því að vera tekin alvarlega sem hönnuður. En einmitt þess vegna ákvað ég að það væri því mikilvægara að vinna með þetta í stað þess að loka á þessar tilfinningar. Fagna hverri móður í sömu sporum. Vonandi búa til vettvang sem opnar umræðuna og gerir þessa hluti auðveldari að tala

um. Þegar fólk spurði mig hvað ég væri að gera í útskriftarverkefni hvíslaði ég að ég væri að vinna með móðurhlutverkið, leið vandræðalega en á sama tíma skammaðist ég mín fyrir að líða þannig. Í dag er ég mjög ánægð með að hafa afneitað þessum tilfinningum og ákveðið að vinna með þær í staðinn.

## Rannsókn

Ég byrjaði rannsóknina mína á því að lesa mikið af femínískum greinum um móðurhlutverkið, fræðigreinum og almennari greinar á hinum ýmsu vefmiðlum. Ég hef lengi haft mikinn áhuga á útgáfum og bókum, svo ég vissi mjög snemma að það væri miðillinn sem ég vildi vinna með. Ég hef bæði hannað og tekið myndir fyrir tímarit, en aldrei verið blaðamaður eða ritstjóri. Í þessu verkefni sinnti ég öllum þessum hlutverkum. Ég vissi frá upphafi að ég myndi þurfa að safna mikið af efni. Mér fannst ég þurfa að finna mótív fyrir hverja einustu grein, svo ég notaði rannsóknina mína í það. Ég var mjög stressuð í byrjun yfir því að fólk myndi ekki vilja hjálpa mér við að búa til efni og senda inn í ritið, en þær áhyggjur voru óþarfar. Allir sem ég spurði sögðu já. Allir vildu hjálpa. Sumum fannst mjög gott að fá tilbúin mótív, en aðrir vildu bara búa til sitt eigið, sem mér fannst allt í lagi. Ég vildi búa til fjölbreyttan hóp mæðra og ég vildi leyfa efninu að vera mjúkt og ekki neita arfleið okkar og menningu. Fagna henni frekar á okkar eigin hátt.

Snemma

Í ferlinu talaði ég við Birnu vinkonu mína sem er í verkefnastjórnunar- og markþjálfanámi í Danmörku, og fékk góð ráð hjá henni varðandi tímastjórnun og almennt um vinnu við svona verkefni. Besta ráðið sem hún gaf mér var að setja sjálfri mér „learning goals“ eða einskonar persónuleg markmið. Hvað vildi ég sjálf fá út úr þessu verkefni?

ALDA


## Ég vildi:

- Verða betri í að tala við fólk og óhræddari við að hafa samband við ókunnuga til að fá hjálp.
- Vera minna stressuð þegar ég tala um verkefnið, t.d. á fundum og kynningum.
- Halda vel á spöðunum, vera skipulögð.
- Ekki ofhugsa hluti.

Að setja niður þessi markmið reyndist mjög gagnlegt og þegar ég lít til baka finnst mér ég hafa uppfyllt öll mín „learning goals“ og rúmlega það.

Á meðan ég var að bíða eftir efni í tímaritið frá höfundum vann ég hönnunarrannsókn og skissaði. Fyrstu sjónrænu heimildirnar mínar voru verkefni svipuð mínu eigin, tímarit fyrir konur um konur, gömul og ný. Ég skoðaði svolítið af femínískum tímaritum frá áttunda áratugnum, en líka fullt af nýrra efni. Ég las mikið um móðurhlutverkið í mannkynsögunni, hvernig móðirin hefur verið notuð sem táknmynd og hvernig móðurhlutverkið hefur breyst í gegnum árin. Um þetta skrifaði ég inngangsgrein fyrir tímaritið.

JÚLÍA RUNÓLFSDÓTTIR



ALDA



**Efnið**

Ég lagði mig alla fram við að hafa efnið fjölbreytt og áhugavert sem mér finnst hafa tekist vel. Fyrsta greinin er eftir Eydísi Blöndal þar sem hún talar um reynslu sína af því að hafa eignast barn ung og hvernig hún upplifði samfélagið setja sig í ákveðið mót eftir að hafa tilkynnt óléttu. Sóley Kaldal segir frá heimafæðingunni sinni, hvernig barnið hennar fæddist í sigurkufli. Mér finnst fæðingarsagan sýna á fallegan hátt hversu magnaðar konur eru, hvernig þær eru hrátt og óheflað afl, sterkastar í heimi. Ég er með ljóð eftir Birtu Svavarsdóttur og Vilborgu Bjarkadóttur, mjög ólík verk en bæði skemmtileg. Þórdís Helgadóttir skrifaði ritverkið Skuggalönd, sem er fallegasta ritverk sem ég hef lesið og hefur gefið mér alveg ótrúlega margt, án þess að vera mjög dramatísk. Það hefur orðið mantran mín og kann ég það orðið utanað. Magnað verk.

Ég skrifaði svo grein um sögu þungunarprófa, hvernig þau hafa orðið að oflugu pólitísku tákni, táknmynd kvenfrelsis. Þau eiga sér merkilega sögu sem ég fer yfir í stuttu máli. Elinóra Guðmundsdóttir, Gígja Gylfadóttir, Hólmfríður Kristín Árnadóttir og Anna Margrét Ólafsdóttir skifuðu stuttar greinar um sína reynslu af móðurhlutverkinu. Ólíkar en hver annarri betri. Rán Flygenring teiknari eignaðist barn nýverið og hefur verið að teikna hnyttar myndir tengdar því að verða móðir. Hún sendi nokkrar þeirra inn ásamt smá texta.

Krafturinn í að hlusta á eigin líkama er samtalsviðtal sem ég tók við mæðgurnar Diljá og Maggý, Diljá er ólétt af sínu fyrsta barni og Maggý mamma hennar eignaðist hana mjög ung. Þær eiga mjög fallett samband og ræða meðal annars

væntingar þeirra til hvorrar annarrar og styrkin sem fæðingar geta gefið konum.

Síðasta verkið er svo partur úr gjörningalistaverki eftir Guðrúnu Töru Sveinsdóttur, um hvernig það var að hitta son sinn í fyrsta skipti.

Með þessum greinum var svo töluverð vinna að safna saman og skapa góða dýnamík á myndum. Mikið af myndunum voru frá konunum sjálfum, en ég tók líka eitthvað.

Þegar texta-gerð var lokið fékk ég Örnú Schram til að prófarkalesa handritið en góður yfirlestur skipti sköpum.

**Hönnunarákvarðanir**

Í byrjun var ég mjög föst með skissurnar mínar, þær voru mjög einfaldar og ég vissi ekki alveg í hvaða átt ég vildi fara með þær. Þegar ég er svona föst finnst mér gott að búa til eitthvað kerfi til þess að hjálpa mér að taka þessar hönnunarákvarðanir sem þarf að taka, en það eru einmitt þær sem ég er oft í vandræðum með. Að láta slag standa og taka ákvörðun.. Ég ákvað að taka konseptið alla leið og notaði eingöngu letur hönnuð af konum. Ég vildi hafa allt búið til af konum í blaðinu. Auk þess vildi ég búa til kerfi innblásið af því að eignast barn til þess að hjálpa mér að taka ákvarðanir, þótt það sé ekki eitthvað sem er augljóst þegar þú horfir á blaðið. Ég ákvað að nota tölur tengdar meðgöngu, 3, 9 og 40, 3 tímabil meðgöngu, 9 mánuðir

# JÚLÍA RUNÓLFSDÓTTIR



ALDA



GREINARGERÐ

meðgöngu og 40 vikur meðgöngu. Í kjölfarið ákvað ég að skipta efninu mínu upp á þrjá mismunandi pappíra, í þremur mismunandi stærðum. Myndir á einum, texti á öðrum og titlar á þeim þriðja. Það hjálpaði dýnamíkinni mikið, skapaði einhverja dýpt.

#### Pappírsvalið

var áskorun þar sem ég var búin að ákveða að hafa þrjár mismunandi pappírstegundir. Ég þurfti mikið af hugmyndum en ég vildi að pappírinn ynni vel saman. Ég vissi að ég myndi vilja hafa einn þeirra bleikan, til þess að ýta undir kvenleikann. Ég hóf mikla leit að hinum fullkomna bleika pappír, en án árangurs. Ég sætti mig við pappír sem heitir Curious Metallics Ice Gold, hann er mjög glitrandi og fallegur, kvenlegur. Ákvað að prenta allar textasíður á hann. Fyrir myndasíðurnar vildi ég nota tiltölulega þunnan bókappír. og endaði á að taka Munken Print White. Fyrir titilsíðurnar valdi ég Eco Vanilla, en hann er endurunninn pappír með mikilli áferð. Mér fannst þessar pappírstegundir eiga það sameiginlegt að vera mjúkar og hráar, sem er einmitt það sem ég vildi vinna með í öllum mínum hönnunarákvörðunum. Mér finnst það endurspeglar móturhlutverkið.

#### Á flestum

textunum er smávægilegur halli á vinstri hliðinni, til að ýta enn frekar undir það hversu mikið það að eignast barn er litað af vexti. Ég var með 40mm inndrátt á hverri nýrri málsgrein, fyrir 40 vikur af meðgöngu. Að auki voru málsgreinarnar inndregnar í þremur mismunandi lengdum, vaxandi og lifandi. Textastærðir í tilvitnunum eru litlar fyrst, stækka svo og minnka aftur í bylgju, á mjög óskilgreinanlegan hátt, til þess að túlka hvernig hríðar virka eins og öldur. Þaðan kemur nafnið á útgáfunni, Alda. Ég tengi það við mjög fallegan tíma þar sem

ég las mér til um fæðingar og sótti meðgöngujóгатíma, en þar var talað um hríðar sem öldur. Þessir hlutir eru ekki eitthvað sem maður sér endilega og tengir við meðgöngu og fæðingar, en þeir hjálpuðu mér við að taka ákvarðanir í hönnunni.

#### Letrin

sem ég ákvað að nota heita Serapion (Titlar og tilvitnanir) og Formular. Mér fannst Serapion vera mjúkt og hrátt á sama tíma, sem er einmitt það sem ég var að leitast eftir. Formular er svo ágætis andstæða, frekar ferkantað og hlutlaust. Hannað af konu í þokkabót.

#### Framkvæmd

#### Þegar

þessar hönnunarákvarðanir höfðu verið teknar var mjög augljóst að ég myndi þurfa að binda bókina inn með gormum. Það var eina leiðin til að halda síðunum á sínum stað. Eftir smá umhugsun og skoðun á hinum ýmsu gormum ákvað ég að nota svarta plastgorma. Ég hélt að það myndi vera mjög auðveld lausn, en í ljós kom að það var ekki alveg raunin. Í ljós kom eftir sirka 40 símtöl í allar helstu prentsmiðjur, ljósritunarstofur og þvíumlík fyrirtæki landsins að allir væru fyrir mjög mörgum árum hættir að binda inn með plastgormum. En á endanum fann ég prentsmiðju, Prentlausnir í Ármúla sem voru til í að hjálpa mér.

#### Ég

prentaði í Litróf og fékk síðurnar prentaðar og skornar til baka, en svo þurfti ég að raða öllum eintökunum upp sjálf, síðu fyrir síðu. Eftir það





fór ég með þær í Prentlausnir. Prentarinn sem ég var búin að vera í sambandi við varðandi plastgormana sá verkið og ég horfði á hann fölna. Í ljós kom að verkið var í raun alveg meiriháttar, það þurfti að raða 6 síðum í einu fyrst til götunar (verkið er 130 síður) og svo eftir götun þurfti að raða hverri einustu síðu ofan í gormavélina. Ómögulegt að hafa blaðsíðurnar alltaf á sama stað, en það gerir útgáfunar meira lifandi, ekkert eintak er eins. Það hófst allt saman á endanum og útkoman var langt um betri en ég hafði þorað að ímynda mér.

### Uppsetning á sýningunni

Ég vildi vinna áfram með þessi þrjú lög, hafa þrjú lög af uppsetningu. Lifandi, hrátt og mjúkt. Ég ákvað að búa til fána úr flaeli, en áferðin talar einstaklega vel við glimmerpappírinn minn, glitrandi og svipað á litinn. Ég silkiþrykkti svo titilinn á flaelið og úr varð fáni. Hannaði svo hillur undir bækurnar með hjálp frá handlögnum vinum, og lét framkalla eina mynd úr hverri grein í sama stíl og fjölskyldumyndir í albúmunum eru framkallaðar.

### Niðurlag

Að búa til Öldu var risastórt lærdómsferðalag, erfitt en mjög skemmtilegt. Sérstaklega var lærdómsríkt að vera ritstjóri, blaðamaður, hönnuður og ljósmyndari á sama tíma. Virkilega krefjandi. Ég er virkilega stolt af sjálfri mér og ánægð og finnst ég hafa ekki einungis vaxið sem hönnuður, en líka sem persóna.